

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, svæði fyrir frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði, Heysholti.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. nóvember 2011 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 7. júlí 2011.

Í breytingunni felst að 18 ha landbúnaðarlands er breytt í svæði fyrir frístundabyggð fyrir allt að 36 lóðir. Einnig er 7 ha landbúnaðarlands breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu fyrir allt að 12 lóðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 10. júlí 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.